

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)

MAÍ 2020



5. tbl. 23. árg.

**OPIÐ**  
**8-24**  
**ALLA DAGA**  
**Á EIDISTORGI**  
**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

**Haga** —  
**vagninn**  
- Hofsvallagata 52 -

## Viðburðir eftir erfiðan vetur

Reykjavíkurborg lýsir nú eftir aðilum sem efna vilja til viðburða í Miðborginni í sumar. Átakið néfnist sumarborgin og er hugsað til þess að efla og auðga mannlíf eftir erfiðan coronuvetur. Með átakanu er stefnt að því að stuðla að samstarfi borgarinnar og rekstraraðila á Miðborgarsvæðinu. Um gott tækifæri fyrir listafólk getur verið að ræða. Myndin er frá tónlistarviðburði í Miðborginni.

## TRÍÓ

1.790 KR.

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Netverslun: [sysstrasamlagid.is](http://sysstrasamlagid.is)



Apótekið þitt  
í hverfinu þínu  
Héðinshúsinu Seljavegi 2

Góð þjónusta  
Hagstætt verð

FAGLEG RÁÐGJÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR APÓTEK  
HÉÐINSHÚSINU SELJAVEGI 2 – SKEIFUNNI 11

# Gleraugun heim!

Þú getur verslað linsur, gleraugu með styrk og margt fleira á [eyesland.is](http://eyesland.is).

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

Eyesland gleraugnaverslun · [www.eyesland.is](http://www.eyesland.is)

**Svartfuglsegginn eru komin!**

**Jarðarber**  
kr 498 askjan

Melabúðin  
Sími 551-0224  
[melabudin.is](http://melabudin.is)

# Allt á grillið!

Nú er um að gera nota langa helgi og grilla

**Nautakjöt, Rib-eye, lundir, file, entrecote**  
**Lambakjöt, læri, file, prime-rib**  
**Svínakjöt, kótelettur, hnakki og lundir**  
**Kjúklingar, lundir, bringur, læri & leggir**  
... og svo allt meðlætið

**Opið alla hvítasunnuhelgina!**



# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

5. tbl. 23. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

## Endurbætur á Norðurstíg og Nýlendugötu

Endurnýja á yfirborð Norðurstígs og bæta við grjótbeðum meðfram götunni, lagnir og raf-lagnir í götunni verða endurnýjaðar. Snjóbræðslulögn verður einnig lögð í götuna.

Skapa á vinalagt umhverfi, bæta lýsingu meðfram göngustígnum, auk þess verður vegglistaverkið á gafli Ægisgötu 7 sérstaklega upplýst, bætt verður við bekkjum og hjólabogum. Gróðurbeðum með áherslu á blá/grænar ofanvatnslausnir verður komið fyrir í götunni.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á Naustareitnum sem afmarkast af Tryggvagötu, Norðurstíg og Vesturgötu. Þar er búið að byggja ný hús bæði í nýjum og gömlum stíl og búa til nýtt torg fyrir framan Tryggvagötumegin sem kallast Naustatorg. Nú er hins vegar komið að því að endurgera Norðurstíg sem liggur á milli Vesturgötu og Tryggvagötu. Í leiðinni verður sá kafli Nýlendugötu sem liggur á milli Norðurstígs og Ægisgötu einnig endurgerður



Gera á umhverfi á Norðurstíg og Nýlendugötu vinalagt.

og gerður að vistgötu.

Endurgerðin felst í því að yfirborð gatna verður endurnýjuð, nýjar gangstéttir lagðar og allar lagnir veitufyrirtækja endurnýjaðar. Norðurstígur verður áfram einstefnugata til norðurs

en keyra má hann frá Vesturgötu að Tryggvagötu.

Kostnaður við framkvæmdirnar er áætlaður 80 milljónir króna. Borgarráð hefur samþykkt að verkið verði boðið út.

## Eggin og karfan

Fleiri spurningum er ósvarað um næstu skref til framtíðar en við erum von. Áður óþekkt drepsótt kom fram í upphafi ársins hefur farið eins og eldur um heimsbyggðina. Opinberlega er talið er að yfir 300 þúsund hafa látist og yfir 4,5 milljónir greinst með smit á heimsvísu.

Á ýmsum ástæðum hefur tekist að koma betri böndum á útbreiðsluna hér á landi en víðast annars staðar. Því má þakka fámenni þjóðarinnar, öfluggu heilbrigðiskerfi, Íslenski erfðagreiningu og að ráðmenn hafa látið fagfólki heilbrigðismála eftir að leiða baráttuna.

Sóttvarnaaðgerðir hafa sett mannlífina ýmsar skorður. Spær hafa leitt til stöðvunar í atvinnulífi og tekjutapi þjóðar, fyrirtækja og einstaklinga. Stjórnvöld hafa brugðist við og reynt eftir mátti að létta undir með atvinnu- og mannlífi.

Þetta heimsástand hefur takmarkað ferðalög og sett eina af öflugri atvinnugreinum þjóðarinnar í dvala. Þar er átt við ferðaþjónustuna sem hefur borið batnandi efnahag síðari ára.

En sér ekki fyrir endann á hvernig þróun ferðamála verður. Fellur hún í sambærilegt far og fyrir faraldurinn eða verða breytingar til lengri tíma. Þróun á heimsvísu getur haft mikil áhrif á hvort og hvernig þessi atvinnugrein mun verða til frambúðar hér á landi. Ýmis innri vermæti eru þó fyrir hendi fari ferðalög af stað að nýju.

Á föll ferðaþjónustunnar sýna þó hversu nauðsynlegt er fyrir þjóðfélagið og þjóðarbúið að efla fjölbreytt atvinnu- og framleiðslulíf.

Við þekkjum reynslu fyrri ára. Duttlunga uppsjávarfisksins sem syndir um hafið og fer hingað og þangað. Síldin hvarf fyrir hálfri öld. Loðnan er að mestu horfin – alla vega um sinn. Makrillinn getur komið og farið. Og nú eru ferðamennirnir farnir.

Enginn veit hvenær þeir koma aftur þótt gera verði ráð fyrir því að ferðalög fólks hefjist á ný. Nauðsynlegt er að hafa eggin í fleiri körfum.

## Gert ráð fyrir hjólastígum úr Miðborginni

Gert er ráð fyrir að lagður verði hjólastígur eftir Lækjargötu. Stígurinn mun ná suður með Tjörn, meðfram Hljóm-skálagarði og inn eftir Gömlu Hringbraut, þaðan yfir í Vatnsmyri og út í Nauthólsvík. Það sama gildir um góðan spöl á Bústaðavegi.

Að þessu er stefnt í forgangsröðun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu stofnleiða á árunum 2020 til 2033. Í flestum tilvikum er miðað við hjólastíga hvort sem þeir eru einbreiðri eða tvíbreiðir. Skipulagið gerir ráð fyrir að margir kaflar verði í námunda við Borgarlínuna fyrirhuguðu, enda eigi samhliða henni að vera góðar hjólasamgöngur. Fjárfesting í uppbyggingu samvinnuinnviða, þar með talinni Borgarlínu, mun nema 120 milljörðum króna fram til 2033, þar af 8,2 milljörðum í göngu- og hjólastíga. Leitast á við að byggja upp hjólastíga þar sem umferðartalning gefur tilefni til



Á hjóli og á göngu á samliggjandi hjóla- og göngustíg.

og þar með að tryggja að meðfram stofnleiðunum svonefndu verði hægt að hjóla í flestum veðrum. Verkfræðistofunni Eflu var falið að teikna upp framtíðarsýn á uppbyggingu stofnleiða

með samstarfshópi frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðinni. Nú er það í höndum sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar að hrinda áformunum í framkvæmd.

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook

Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundur
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



• EIGNAUMSJÓN [www.eignausmsjon.is](http://www.eignausmsjon.is)





Garða- og  
tómstundakerrur  
frá:  
**155.900 kr.**

# BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur  
frá:  
**1.359.900 kr.**

lönaðarkerrur  
frá:  
**319.900 kr.**



**Bílaust**  
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN  
DVERGSHÖFÐA 2  
110 Reykjavík  
S. 535 9000

Vatnagörðum 12  
104 Reykjavík  
S. 535 9000

Dalshrauni 17  
220 Hafnarfirði  
S. 555 4800

Hafnargötu 52  
260 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Sólvangi 5  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

[www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)



# Mikið tónlistarlíf hjá ungu fólki

- segir Ingibjörg Elsa Turchi

Þeir sem fylgjast með tónleikum Stuðmanna hafa tekið eftir ungru konu sem stendur með þeim á sviðinu og leikur á rafmagnsbassa. Hún tók við sem bassaleikari þessarar þekktu hljómsveitar í gegnum áratugi Tómasi Tómassyni sem féll frá fyrir rúmum tveimur árum. Ekki er fyrir hvern sem er að fylla skarð Tómasar eins af fremri tónlistarmönnum landsins og heldur ekki alengt að konur spili á bassa. Þessi kona er ekki ný á tónlistarsviðinu. Hún hefur lifað og hræst í hljóðfæraleik og tónlist frá barnsaldri og hefur einnig sinnt tónsmíðum hin síðari ár. Hún hóf að læra hljóðfæraleik sex ára að aldri. Stundaði síðan nám í tónlistarskóla FÍH samhliða háskólanámi í forngrísku og latínu. Hún kenndi forngrísku í MR í eitt ár eftir útskrift og starfaði aðeins við þýðingar en svo kallaði tónlistin meira á hana. En hver er þessi kona sem spilar á bassa, er með háskólapróf í forngrísku og latínu og stendur nú á sviðinu með einni helstu eðalhljómsveit sem starfað hefur hér á landi Stuðmönnum. Hún heitir Ingibjörg Elsa Turchi. Byr á Ránargötunni og spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni.

“Ég hef verið að spila með ýmsum tónlistarmönnum að undanfögnu,” segir Ingibjörg þegar hún hefur sest með tíðindamanni á Cafe Rósenberg á Vesturgötu 3.

“Gaman er að spila mikið en stundum verður að forgangsraða því sem maður tekur að sér. Um þessar mundir er ég að spila í mörgum mismunandi verkefnum auk tónsmíða. Þar má meðal annarra nefna auk Stuðmanna, Benna Hemm Hemm, Soffiu Björgu og Teit Magnússon. Svo gaf ég út plötu á vegum SMIT Records árið 2017 og er plata númer tvö væntanleg í júní.” Ingibjörg var stofnmeðlimur og bassaleikari í Rökkurró og Boogie Trouble og hefur einnig spilað með Bubba Morthens og Emilíönu Torrini. Þetta er eins og hver önnur vinna. Getur verið erfið en mér finnst þetta það skemmtilegasta sem ég geri.” Ingibjörg kveðst búin að að starfa nær eingöngu að tónlistartengdum verkefnum í nokkur ár og séu þau jafn fjölbreytt og þau eru mörg. “Allt frá því að spila með eigin hljómsveitum, í öðrum verkefnum sem sessionleikari, í gjörmingi hjá Ragnari Kjartanssyni myndlistarmanni og að sjá um námskeið hjá Stelpur rokka. Stelpur

rokka er með því mest gefandi sem ég hef gert á ævinni.”

## Verðlaun úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns

Á síðasta ári hlaut Ingibjörg verðlaun úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns. Það var í tíunda skiptið sem úthlutað var úr sjóðnum sem var stofnaður af ættingjum, vinum og samstarfsmönnum gítarleikarans Kristjáns Eldjárns eftir að hann lést árið 2002, tæplega þrítugur að aldri eftir erfið veikindi. Meðal fyrri verðlaunahafa eru Páll Ragnar Pálsson, Sunna Gunnlaugsdóttir, Daníel Bjarnason og Skúli Sverrisson.

## Ítali í aðra ættina

En hvaðan kemur þessi kona sem semur tónlist, leikur á hljóðfæri og hefur kennt forngrísku í menntaskóla. “Ég er Ítali í föðurættina og þaðan kemur ættarnafn mitt. Faðir minn Paolo Turchi kom hingað til lands til þess að læra íslensku. Hann kynntist móður minni Sigríði Einarsdóttur Laxness og hefur búið hér á landi síðan. Ég er alin upp í Þingholtunum. Við bjuggum í Miðstræti 4, Þingholtsstræti 30 og Bergstaðastræti 15 en fluttum síðan á Sólvallagötu 80. Nú bý ég neðst á Ránargötunni. Ég held að aldrei hafi komið til tals að við flyttum til Ítalíu til þess að búa þar en við fórum þangað oft á sumrin. Eins hef ég haft mjög gaman af að fara til Grikklands einkum eftir að ég lærði grísku.”

## Byrjaði sex ára á blokkflautu

Kom tónlistin fljótt til þín. “Hún kom fljótt. Ég byrjaði að læra í forskóla þegar ég var sex ára gömul. Byrjaði á blokkflautu eins og margir gera. Ég hélt áfram að spila á hana en fór einnig að læra á önnur hljóðfæri. Ég lærði á píanó og gítar og meira að segja á harmonikkú. En mér fannst gaman og það er auðveldara þegar maður hefur lært á píanó. Ég hef ekki spilað mikið á hana í seinni tíð. Ég var alltaf að spila og þegar ég var komin á fornmalabrautina í MR kynntist ég krökkunum í hljómsveitinni Rökkurró. Ég fór að spila með þeim. Við unnum nokkrar plötur og fórum í tónleikaferðalög saman.” En hvenær kom bassinn til sögunnar. “Ég var ca. 20 ára þegar ég fór að spila á bassa. Mér fannst hann strax skemmtilegt hljóðfæri.



Ingibjörg Elsa Turchi.

Mynd: Gígja Skjaldardóttir.

Ég hef aðallega spilað á rafbassa en aðeins gripið í þann stóra – kontrabassann, ekki mikið þó. Þetta fór saman hjá mér. Að nema forngrísku og latínu og stunda tónlistarnám í FÍH.”

## Vann á Mokka

Ingibjörg vann um tíma á Mokka við Skólavörðustíginn meðfram námi og tónlistinni. “Mokka var aðalvinnustaður minn fyrir utan tónlistina og kennslu í og eftir menntaskóla. Mokka er af ítölskum uppruna og er frábær staður sem hefur sinn karakter og breytist ekkert. Þar ráða engar tiskusveiflur ríkjum. Þetta var allt á sama stað. Kaffihúsið veitingarnar og kúnnarnir, Bergstaðastrætið. Mokka, MR og síðan Háskólinn aðeins vestar. Og svo Vesturbæjarlaugin. Þetta er ástæðan fyrir að ég er ekki enn búin að taka bílpróf. Maður hefur bara labbað. En ég verð trúlega að fara að drífa mig í ökunám.”

## Jakob hringdi

Svo komu Stuðmenn til sögunnar. Hvernig kom það til.

**Ég ákvað að sjálfsgöðu slá til. Ég fór að pikka línurnar þeirra upp og er búinn að vera með þeim frá 2018. Þeir eru búnir að vera lengi að. Eiga sér langa sögu. Hafa alltaf sungið á íslensku. Lögin eru algerlega frábær og æðislegt að spila þau.**

“Jakob Frímagn Magnússon hringdi í mig og spurði hvort ég gæti komið og spilað með þeim. Hann vissi að ég var að spila á bassa og þá vantaði einhvern til þess að fylla skarð Tómasar Tómassonar sem þá var nýlátinn. Ég ákvað að sjálfsgöðu að slá til. Ég fór að pikka línurnar þeirra upp og er búinn að vera með þeim frá 2018. Þeir eru búnir að vera lengi að. Eiga sér langa sögu. Hafa alltaf sungið á íslensku. Lögin eru algerlega frábær og æðislegt að spila þau.” Ingibjörg kveðst ánægð með samstarfið við Stuðmenn, “Þeir leggja líka mikið upp úr sviðsetningunni. Setja eiginlega upp leiksýningu á sviðinu enda vanir menn að því leyti.

Frægasta verk þeirra er kvikmyndin Með allt á hreinu, hún fylgir kynslóðunum hér á landi.

## Stefni að útgáfutónleikum í Kaldalóni

En hvað er Ingibjörg að gera fleira. “Ég hef haft fremur rólegt að undanfögnu út af þessu ástandi sem skapaðist í kringum covid veiruna. Viðburðabann og fólk hefur verið að halda sig heima. Ég er mikið að vinna að eigin tónlist þessa dagana og ljúka við tónsmíðanám frá LHÍ. Það á plata að koma út í sumar og ég stefni að útgáfutónleikum í Kaldalóni í Hörpu 2. júlí. Þar ætla ég að vera með mitt

## FERSKUR FISKUR

## DAGLEGA

## MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30







Einbeitt með bassann.

fólk. Fólk sem hefur verið að spila með mér að flytja instrumental tónlist. Ég hef líka verið að kenna svolítið og þá í einkatímum.”

**Stelpur rokka! er eitt það skemmtilegasta**

Ingibjörg hefur verið ein af aðal manneskjunum í Stelpur rokka. En hvað er það. “Stelpur rokka var stofnað 2012. Það hefur tekið nokkurn tíma að breiðast út. Þetta er partur af rokkbúðabandalagi sem verið hefur að breiðast út bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Hér á landi er þetta komið bæði til Akureyrar og austur á land. Við byrjuðum með þetta vestur í bæ en fengum síðan húsnæði í Efra Breiðholti. Í gamla bakarís og verslunarkjarnanum við Völvufell.

Þegar Reykjavíkurborg festi kaup á þessu húsnæði sköpuðust aðstæður til þess að nýta það til ýmissar fræðslu- og menningarstarfsemi. Þarna fengum við góðan samastað og héldum opnunartý fóstudaginn 17. janúar í vetur. Þá fórum við af stað með fjölbreytta heilsárs dagskrá fyrir ungmenni. Starfsemin í Völvufellinu er hugsuð sem hálfgerð félagsmiðstöð þar sem krakkar geta komið, hangið og gripið í hljóðfæri. Staður til að hangsa, hugsa og tengjast. Á vordagskránni voru fjölbreyttar smiðjur, hljómsveitaræfingar, námskeið og félagsmiðstöð. Það var kærkomið að fá inni í Efra Breiðholti. Við viljum leggja sérstaka áherslu á kynningu á starfinu fyrir ungmenni sem hafa færri tækifæri til tómstundastarfs

en önnur. Rannsóknir sýna að ungmenni þar eru sá hópur sem nýtir sér frístundakortið minnst. Við viljum líka ná til krakka af blönduðum eða erlendum uppruna. Þau eru ef til vill ekki eins dugleg að koma sér á framfæri. Þar er ég að kenna. Kenni á bassa og gítar og stýri hljómsveitarverkefnum. Hjá Stelpur rokka! starfa sjálfbodaliðar með fjölbreyttan bakgrunn sem tala ýmis tungumál. Það á að geta komið sér vel fyrir krakka með ólíkan bakgrunn. Það hefur verið fullt í flestum námskeiðum okkar. Við ætlum okkur að fara af stað af krafti í sumar þegar hömlum verður létt af samkomuhaldi.”

**Tónlistarfólki fjölgar**

Mikið er um tónlistarlíf hjá

ungu fólki í dag. Ingibjörg segir að tónlistarskólarnir eigi sinn þátt í því. “Margir krakkar fara mjög ung í tónlistarnám. Sum byrja á blokkflautunni eins og ég gerði. Hún er góð undirstaða fyrir litla krakka. Mörg halda

áfram og margir krakkar spila á hin ýmsu hljóðfæri. Svo myndast grúppur eða hópar þar sem þau spila saman. Ég held að þetta fari vaxandi með hverju ári.”

Reykjavík  
**RÖST**  
Coffee house & bar  
Við gömlu höfnina

reykjavikrost.is

**Kjötkompaní**

**GRILLUM GRAND**

Í ALLT SUMMAR

Hafnarfirði & Grand a

www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 📌 kjotkompani





**APOTEK**  
KITCHEN+BAR

**NÝR MATSEÐILL**  
- nýir spennandi réttir



APOTEK Kitchen+Bar  
Austurstræti 16  
apotek.is

@apotekkitchenbar

## Varðskipið Óðinn

# Sigldi fyrir eigin vélarafli í fyrsta sinn í 15 ár

Varðskipið Óðinn sigldi fyrir eigin vélarafli á dögunum. Siglingin er merkileg því þetta er í fyrsta skipti í einn og hálfan áratug sem slíkt gerist. Skipið hefur verið bundið við bryggju við Sjóminjasafnið undanfarin ár og er hluti af safnkosti þess. Til stóð að farga skipinu en þá voru stofnuð hollvinasamtök um framtíð þess sem komu í veg fyrir að því yrði fargað. Hollvinasamtökin hafa einnig gegnt lykilhutverki við að koma skipinu í gang að nýju.

Varðskipið Óðinn var smíðað í Álaborg í Danmörku 1959 og kom hingað til lands árið eftir eða fyrir 60 árum. Skipið gegndi lykilhutverki í þorskastríðunum er háð voru á Íslandsmiðum síðustu öld. Óðinn lenti tíu sinnum í árekstri við breskra freigátur og dráttarbáta. Skipið var notað meira en þrjátíu sinnum til að klippa á troll breskra togara þegar Íslendingar börðust við Breta fyrir yfirráðum yfir landhelginni. Þá eru ótalin öll þau björgunarstörf sem Óðinn



Varðskipið Óðinn við bryggju í Vesturhöfninni í Reykjavík.

tók þátt í en skipið þótti henta sérstaklega til þeirra. Fyrir fimm árum hófst vinna við að standsetja vélar Óðins sem ekki höfði verið ræstar frá árinu 2005. Tveir

vélvirkjar unnu að verkinu í fyrstu en síðan bættust fleiri í hópinn og nú hafa 11 manns skipst á um að gera það mögulegt að Óðinn geti siglt fyrir eigin vélarafli að nýju.

## Karl vill byggja við Norðurstíg

Karl Steingrímsson oft kenndur við verslunina Pelsinn hefur sótt er um leyfi til að byggja þriggja íbúða steinsteypt fjölbýlishús á fjórum hæðum með innbyggðum tveggja stæða bílskúr á lóð nr. 5 við Norðurstíg.

Um er að ræða sömu teikningar og gögn og samþykkt voru 7. júní 2016 og 19. júní 2018. Einnig umsókn um niðurrif gamallar skemmu á staðnum sem samþykkt var 12. júlí 2016. Norðurstígur er með stystu og þrengstu götu Reykjavíkur og liggur á milli Vesturgötu og Geirsgötu og tengist Nýlendugötu í gegnum port út á Ægisgötu.



## HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333

**m** Minjastofnun  
Íslands

**Borgarsögusafn**  
Reykjavíkur  
Reykjavík City Museum

**IDAN**  
fræðslusetur





EYECARE



# Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%  
stærra  
lessvæði



Velkomin  
í nýja  
verslun  
okkar á  
Hafnartorgi



**SJÓNMAELINGAR**  
Tímapantanir: 528 8505

**Optical Studio**  
HAFNARTORGI



# Félagsskapur er lýðheilsuþjálfun í grunnskólum

í hverfum Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða



Á vordögum 2019 fengu þverfaglegur samstarfshópur grunnskóla, frístundastarfs og þjónustumiðstöðvar í hverfum Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða styrk til þess að sækja námskeið í skóla-félagsskapur PEERS. PEERS er gagnreynt námskeið í félagsfærni fyrir börn, unglinga og ungt fólk. PEERS efnið var upphaflega þróað fyrir börn með einhverfu og ADHD og hefur það efni verið kennt á námskeiðum hérlandis.

Efnið hefur verið þróað enn frekar og er PEERS skólafélagssærni talið henta öllum börnum og ungmönnum til að efla félagsfærni sína. Sambærilegt námskeið hefur síðustu ár verið kennt af einkaaðilum í Reykjavík en nú hafa starfsmenn í 6 grunnskólum, ein félagsmiðstöð og eitt frístundaheimili í okkar hverfum sótt sér þjálfararéttindi. Grunnskólarnir hafa allir farið af stað með litla hópa en frístundaheimilið og félagsmiðstöðin hafa tengt PEERS efnið við önnur þróunarverkefni og unnið með stærri barnahópa. Í heildina eru því um 130 börn sem taka þátt í námskeiðunum, sem fara fram í skólunum á skólatíma eða á starfstíma frístundastarfsins. Skipulögð dagskrá er í hverjum tíma og hlutverkaleikir notaðir. Meðal þess sem er æft er: samræðufærni, farið yfir rafræn samskipti, velja viðeigandi vini, viðeigandi notkun á húnor, aðferðir til að nálgast jafnaltra, aðferðir við að kveðja jafnaltra, heiðarleg framkoma, að vera góður gestgjafi, ágreiningur milli jafnaltra og höfnun jafnaltra. Nemendur fá heimaverkefni og óskað er eftir stuðningi foreldra í þeim æfingum.

Vegna samkomubannsins þá var gert hlé á námskeiðunum en fram að því voru þjálfarar á einu máli um að skólafélagssærni PEERS væri ekki eingöngu þarft efni heldur skemmtilegt líka. Kennslustundirnar voru fljótar að líða, þátttakendur voru virkir í tímum og þjálfarar öðluðust dýrmæta reynslu í framsetningu á efninu. Nú hefur samráðshópurinn sótt um framhaldsstyrk í þróunar- og nýsköpunarsjóð Reykjavíkurborgar til þess að aðlaga og útfæra námsefnið enn frekar þar sem samhliða kennslu er verið að vinna að þýðingu efnisins.

# Félagsskapur er lýðheilsuþjálfun

Manneskjan er félagsvera. Fólk sem býr við langvarandi félagslega einangrun er hættara við ýmsum líkamlegum kvillum og verri heilsu en öðrum. Félagsskapur, má því segja, er því lýðheilsuþjálfun. Félagssleg einangrun á sér gjarnan erfiðan fylgifisk: Einmanaleikann. Nú á tímum Covid-19 eru margir að upplifa einangrun í fyrsta sinn og eiga erfitt með að takast á við tilfinningarnar, streituna og þá vanlíðan sem getur fylgt því.

Sjálfsæfi, kvíði og erfiðar hugsanir geta leitað á fólk. Það er eðlilegt að eiga erfitt með að takast á við aðstæðurnar, við höfum fæst þurft að gera þetta áður. Einmanaleiki er ekkert til að skammast sín fyrir, við getum öll upplifað hann. Til allrar hamingju er ástandið tímabundið fyrir flesta. Því miður er það þannig að sumir þekkja aðstæðurnar alltof vel og hafa glímt við slíkt í lengri tíma. Félagssleg einangrun og einmanaleiki eru allt of algeng og fylgir fólk á öllum aldri í öllum kimum samfélagsins.

Á meðan við sjáum fólk fjalla um áskoranir sem fylgja því að vinna heima með alla fjölskylduna og börnin í kringum sig þá eru margir sem búa einir og hafa ekki þann félagskap í kringum sig. Að búa einn og vinna að heiman, hafa lítil sem engin tengsl við vinnufélagana eða fólk sem maður hittir annars oft í viku í líkamsrækt eða öðrum tómstundum. Þarna skiptir miklu máli að átta sig á því að það er eðlilegt að finna fyrir erfiðum tilfinningum í einangrun og þessum óeðlilegum aðstæðum. Það skiptir öllu máli að átta sig á því að þetta ástand tekur enda og á meðan getum við öll leitað eftir aðstoð, tengt okkur við félagskap, leitað til Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og fengið Síma- eða Gönguvin hjá Rauða krossinum til að spjalla við.

## Við berum öll ábyrgð

Við berum öll ábyrgð á því að gera það sem við getum til að sýna náunganum kærleik og eftirtækt. Við eigum öll erindi og skiptum öll máli í samfélaginu. Fólk sem fer nú út að ganga: Takið eftir hvert öðru, horfið á fólk, heilsað, brosið til hvers annars. Allir þessir litlu hlutir sem kosta okkur ekki neitt gera samt svo ótrúlega margt



til að bæta samskipti og samfélagið. Rétt eins og við erum öll almannavarnir og öll barnavernd, þá erum við öll mikilvægur hluti af samfélaginu sem við byggjum saman.

## Margir kvíðnir og hræddir

Á meðan faraldurinn er enn viðloðandi, eru margir kvíðnir, hræddir og smeykir við að fara út úr húsi. Á meðan býður Rauði krossinn fólk að fá Síma- eða Gönguvin. Síma- og Gönguvinir eru sjálfbóðaliðar sem hringja daglega, eða tvisvar í viku, í fólk sem þess óskar. Á nokkrum vikum hefur fjöldi þátttakenda í síma- og gönguvinum margfaldast, margir eru tímabundið í einangrunum aðstæðum á meðan aðrir glíma við það til lengur. Rauði krossinn kemur til móts við þarfir hvers og eins. Fólk sem vill gjarnan fara út að ganga, en vill síður gera það eitt eða þarf smá hvatningu til að fara, getur fengið Gönguvin. Þá miðast samveran við að farið sé í göngutúr einu sinni í viku og spjallað. Hægt er að óska eftir tímabundnum Göngu- og/eða Síma- og Gönguvinum á kopavogur@redcross.is og það má líka halda því opnu hvort maður vill e.t.v. halda áfram að hitta sjálfbóðaliða þegar Covid-19 takmörkunum verður aflétt.

Silja Ingólfssdóttir.  
Deildarstjóri hjá Rauðakrossinum.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI  
511 1188

## Er ferðavagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bildshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

# Velkomin á Grandann



Komdu með bílinn á Hólmaslóð 2 úti á Granda og fáðu skoðun sem gildir í ár eða lengur

## Nú sækjum við bílinn

Núna í maí getum við sótt bílinn og skilað honum skoðuðum heim eða í vinnuna á höfuðborgarsvæðinu. 2.300 kr. bætast við skoðunargjaldið. Sendu póst á [skutl@frumherji.is](mailto:skutl@frumherji.is) með símanúmeri og sparaðu þér tíma og fyrirhöfn.



Frumherji


AFGREIÐSLUTÍMI mán.-fös. kl. 8.00-16.30

Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)





# Aukin þjónusta við eldri borgara

 Við bjóðum eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í **sérstakt símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

**Góð þjónusta breytir öllu**





# Vesturgata

## - móðir gamla Vesturbæjarins

- síðari grein

**H**ér birtist síðari hluti greinar um Vesturgötuna og gamla Vesturbæinn. Frá Vesturgötunni þróaðist byggð einkum til suðurs en einnig til norðurs í átt að gamla hafnarvæðinu. Við Vesturgötu má enn sjá byggingar frá þeim tíma er byggðin var að rísa en aðrar hafa þokað fyrir yngri mannvirkjum. Við Vesturgötuna lifir saga þróun allt frá Hlíðarhúsabæjunum sem stóðu vestan við byggingar sem kenndar eru við Naustið veitingastað til margra ára til nútímans. Þróun sem er ríkur þáttur í sögu höfuðborgarinnar.

Við Vesturgötu 5a stóð reisulegt timburhús. P.L. Henderson kaupmaður lét byggja húsið árið 1862. Hann hafði þá keypt Hólterbæjarlóð og fékk leyfi til að reisa stórhúsi á lóðinni. Þetta var Glasgow-verslunin, eign firmans Henderson, Anderson & Co og var J. Jonassen verslunarstjóri. Glasgow-verslunin varð gjaldþrota árið 1862 og var allur búðarvarningur seldur á uppboði. Egill Egilsson kaupmaður eignaðist Glasgow árið 1872. Í húsinu var stór salur, sem rúmaði 200 manns í sæti og voru þar haldnar samkomur. Enska konsúlatið var í húsinu sem vegna stærðar, rýmis og ef til vill myndugleika var notað fyrir ýmiskonar félagsstarfsemi og samkomuhöld. Þar átti Sjómannaklúbburinn sér samastað. Á þessum tíma var mikið um drykkjuskap í Reykjavík og voru bæði fyrrmenn og einkum skólapiltar iðnir í samneyti við Bakkus. Almennigur - sjómenn og verkafólk munu hafa haft minnj afskipti af þeim lífnaðarháttum. Þorlákur Ó. Johnsson fluttist til Reykjavíkur árið 1875. Hann hafði kynnst klúbbum fyrir sjómenn og verkamenn erlendis og kom nú það snjallræði í huga að fá fyrrmenn í lið með sér að stofna slíkan klúbb sem gríðastað fyrir stétt sjómanna í Reykjavík sem fór stöðugt fjölgandi. Hann stóð einnig fyrir fyrstu málverkasýningunni á Íslandi árið 1879 og sýndi þar eftirprentanir af myndum eftir erlenda málara. Þar var einnig haldin fyrsta málverkasýning íslensks málara. Þórarins B. Þorlákssonar. Húsið brann til kaldra kola 18. apríl 1903 ásamt Vigfúsarkoti, býli er stóð vestan við Glaskow. Einar Benediktsson skáld keypti eignina 1896 og tveim árum síðar lét hann reisa annað hús á norðausturhluta lóðarinnar. Við Vesturgötu 5. Á síðari árum er það þekktast fyrir vinnustofu Kolbrúnar Björgólfsdóttir Koggu leir- og myndlistarmanns.

### Steinsteypuklassík

Tvö hús við Vesturgata 59 og Vesturgötu 65 voru byggð á tíma svokallaðrar steinsteypuklassíkur. Hún reis hæst á þriðja áratugi 20. aldar þegar ýmis klassísk

einkenni og áhrif voru áberandi í gerð hérlendra steinsteypuhúsa. Þessi hús endurspegla ekki síður þær áherslur sem þá ríktu í skipulagsmálum bæjarins. Húsin númer 69 til 75 við Vesturgötu mynda stóra samstæðu fjölbýlishúsa á norðausturhorni reitsins. Vestasta húsið í samstæðunni er Vesturgata 75 og var upphaflega byggt sem verksmíðjuhúsnæði á árunum 1952 til 1956. Á árunum 1985 til 1986 var því breytt í fjölbýlishús um leið og húsin á númer 69 til 73 voru byggð. Um leið var útliti þess breytt til samræmis við útlit og gerð hinna húsanna sem eru dæmigerð fyrir fjölbýlishús frá 9. áratugi 20. aldar.

### Skipstjóra og sjómannagata

Vesturgata var kunn sem skipstjóra- og sjómannagata vegna þess hversu margir skipstjórar og sjómenn bjuggu þar. Þegar fram liðu stundir tóku iðnaðarmenn að festa sér ból við götuna. Má þar nefna Þorstein Jónsson járnsmíð sem var við Vesturgötu 33 og Otta Guðmundsson skipasmíð sem bjó á horni Vesturgötu og Bræðraborgarstígs. Einnig má geta Guðmundar Gíslasonar skipasmíðs, Einarssonar skósmíðameistara og Péturs Jónssonar blikksmíðameistara. Vesturgata endaði við Ánanaust. Þar voru fjögur seli byggð úr jörðinni Seli. Þau hétu, Litla Sel, Ívars Sel, Mið Sel og Stóra Sel. Á lóðinni númer 61 við Vesturgötu standa tvö samföst hús, Jórunnarsel og Litlasel. Jórunnarsel stendur innar á lóðinni, var byggt árið 1881 af Magnúsi Pálssyni tómt húsmanni. Litlasel er steinbær byggður 1889 af Guðmundi Kristni Ólafssyni skipstjóra. Við blokkarinnar við Vesturgötu 50b og 52 stendur steinbærinn Götuhús. Pétur Þórðarson skipstjóri byggði bæinn 1894. Árið 1905 byggði hann við húsið til vesturs og hóf þar verslunarrekstur.

### Félagshús á lóð Selsbæjarins

Jónas Ólafsson byggði Félagshús á lóð Selsbæjarins árið 1882. Allt var þar þiljað að innan og herbergin voru með striga og pappa á veggjum og loftum sem var málaður. Uppi voru tvö þiljuð íbúðarherbergi, einn ofn og eldavei. Þegar búið var að byggja kvistinn á götuhlið hússins árið 1920 fengust þrjú herbergi í risi. Þremur árum síðar var byggður geymsluskúr á lóðinni og þar var jafnframt þvottahús. Þar fengu nágrannar og fleiri að þvo þvotta sína og var því oft margt um manninn og glatt á hjalla. Segir þetta nokkuð um samgang fólks og samskipti á þessum tíma. Á horni Vesturgötu og Framnesvegur við Vesturgötu 53B stóð timburhús. Lengi vel gult en var síðar málað rautt. Þess er fyrst getið í bæjarskrá Reykjavíkur frá 1902 og Ólafur Sigurðsson



Vesturgötu 53b er fyrst getið í íbúaskrá 1902. Þar var bæði íbúða- og atvinnuhúsnæði. Myndin er af húsinu og af Eyþóri Magnúsi Bæringssyni kaupmanni sem bjó þar frá 1953 til 1969 ásamt fjölskyldu sinni. Húsið var rífið 1987. Myndin er eftir Kolbrúnu Hlíðversdóttur veflistamann.

skósmíður sagður búa þar. Um var að ræða einlyft timburhús á háum kjallara með risi og viðbyggingum til beggja enda. Í húsinu voru tvær og stundum fleiri íbúðir ef viðbyggingin til vesturs er talin með. Austari viðbyggingin var aldrei bústaður en þar var ýmis starfsemi

í gegnum tíðina Lengi var þar þurrkúsi og um tíma var járnsmíðaverkstæði í kjallara miðhússins. Þar voru meðal annars smíðuð brennijárn til þess að hornamerkjja sauðfé. Á síðustu árum hússins var útbyggingin og kjallarinn nýtt fyrir heildverslun og síðast



Kvannahús við Vesturgötu 3. Þar er nú kaffihúsið Stofan þar sem Fríða fráenka var á sínum tíma.



Vesturgata 26 til 28. Þar stóðu Hlíðarhúsabæirnir forðum.





Einar Benediktsson skáld byggði húsið 1898. Vinnustofa og keramik gallerí Kolbrúnar Björgólfsdóttur Koggu leir- og myndlistarmanns hefur verið á jarðhæð hússins í áratugi.

útgáfufyrirtæki. Eyþór Magnús Bæringsson kaupmaður festi kaup á húsinu 1953 og bjó þar ásamt fjölskyldu sinni til 1969. Eftir það var húsið leigt út þar til að var rífið í febrúar 1987.

### Kvennahús á Vesturgötu 3

Um miðjan 9. áratuginn tók sig saman fjöldi kvenna og keypti húsin að Vesturgötu 3. Markmiðið með kaupnum var að forða húsunum frá niðurrífi og koma þar á fót aðstöðu fyrir konur til

menningar- og félagsstarfsemi auk húsnæðis fyrir kvennafyrirtæki. Markmiðið var einnig að styðja við bakið á framtakssömum konum hvort sem er á lista- eða athafnasviðinu og vera vettvangur þar sem almenningur getur notið hugmyndaflugs og framkvæmdagleði annarra. Húsið var nefnt Hlaðvarpinn. Þar hafa meðal annars verið til húsa um lengri eða skemmri tíma, Kaffileikhúsið sem var stofnað 1994. Antikverslunin Fríða frænka. Stígamót, upp-

lýsinga- og ráðgjafarmiðstöð um afleiðingar af kynferðisofbeldi. Vera, tímarit. Bríet - félag ungra femínista og fleira.

### Íbúða- og atvinnusvæði

Vesturgata og næsta nágrenni voru mannmörg þegar komið var frá um miðja síðustu öld enda bjó fólk miklu þrengra en í dag. Annað var einkennandi fyrir umhverfið að það var ekki aðeins íbúðabyggð, heldur líka atvinnusvæði. Þarna var Vélsmíðjan Héðinn á Seljaveginum

með marga menn í vinnu og svo Hraðfrystistöðin í Reykjavík fyrir neðan Mýrargötu á móts við Seljavegin og Daníelsslíppur fyrir neðan Mýrargötu á móts við Bakkastíginn. Allt þetta skapaði umferð fólks. Blokk var byggð við Vesturgötu 52 eftir 1960. Þar hafði áður staðið Péturshús sem Pétur Ólafur Gíslason í Ánanaustum hafði byggt árið 1874 og var fyrsta íbúðarhúsið sem byggt var úr steini hér á landi. Blokkir voru ekki orðnar algengar í þessum hluta Vesturbæjarinnar og hafa ekki orðið. Götumynd Vesturgötunnar hefur haldið sér ótrúlega vel í gegnum

liðna áratugi. Tenging hennar við höfnina og atvinnusvæðin er bundin föstum böndum. Segja má að Vesturgata sé móðir gamla Vesturbæjarinnar.

Heimildir:  
Árni Óla. Úr sögu Hlíðarhúsa. Mb. 9 maí 1948.

Ágúst Jósefsson. Sérkennilegt fólk í Reykjavík á fyrri tíð. Sunnudagsblaðið 27. september 1959.

Húsakönnun í Reykjavík. Guðny Gerður Gunnarsdóttir.

Timarit.is. Ýmis fréttaskrif.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**



Aukakrónur

Gerðu eitthvað skemmtilegt í sumar með Aukakrónum




Skór í fjallgönguna



Snarl í ferðalagið



Föt fyrir sumarið



Grill í garðinn



Ferðalög um landið

Kynntu þér Aukakrónur á [landsbankinn.is/aukakronur](https://landsbankinn.is/aukakronur)





# GLEÐILEGT SUMAR!



Útskriftargjafir. Segðu það með möntru/fallegum orðum. Armþönd og hálsmen. Þau fegurstu og hin einu sönnu.



Íslenskur aðalbláberjalatte fyrir ónæmiskerfið og hjartað.

Blanda af því besta er upphald okkar allra. Prófaðu.



Tryggðu grunninn með Vitidian vítamínum og bætiefnum.



Wild Grace olíur, serum og ilmír fyrir vata, píttu og kafa. Einstök gæði.



Nailberry sem næra og anda eins og voríð. Án 12 skaðlegustu efnanna og vegan.

## Alltaf gaman á Aflagrandu

# Félagsstarfið að fara af stað að nýju



Dans stígninn í félagsstarfinu á Aflagrandu 40. Myndin var tekin áður en coronaveiran var til þess að takmarka hefur þurft allt félagsstarf.

Alltaf á að vera gaman á Aflagrandu segja þær Sigríður Guðný Gísladóttir eða Siri og Helga Ósp Jóhannsdóttir í félagsstarfinu á Aflagrandu 40. Nú erum við að koma starfinu af stað að nýju eftir langt coronuveiru hlé. Við verðum þó að fara að öllu með gát og virða þær reglur sem settar eru. Tveggja metra nálægðar reglan setur okkur ákveðin takmörk og af þeim sökum verðum við að vera með færri fólk í hópum og biðja fólk að skrá sig á viðburði eða í hóp.

Eitt af því sem við viljum leggja áherslu á er að fá eldra fólk til þess að nýta sér tækni. Margt eldra fólk er ekki tæknivætt. Hefur jafnvel ekki vanist að nota tölvur og því hætta á að það einangrist meira þegar þarf að leggja meiri áherslu á þessa tækni í samskiptum fólks. Við erum að vinna að því að fá spjaldtölvur sem við ætlum að kenna fólki að nota og lána því heim með sér. Spjaldtölvur er að mörgu leyti auðveldari fyrir þá sem eru óvanir en hefðbundnar tölvur. Við vonumst til að þetta geti hjálpað fólki til þess að eiga samskipti og nýta sér það sem hægt verður að bjóða upp á.

### Fjarlægðarreglan við lýði í sumar

Við búumst við að fjarlægðarreglan verði við lýði út sumarið og síðan verður að endurskoða starfseminu í haust í ljósi þeirra aðstæðna sem þá verða. Við verðum að gæta þess að stór hluti af þeim sem

nýta sér félagsstarfið er fólk sem komið er á góðan aldur. Fólk nýtir félagsstarfið ekki bara til að vera í hópum heldur líka til þess að koma sýna sig og sjá aðra. Hittast og spjalla. Draga úr einmanaleika sem hugsanlega getur sest að fólki þegar samkomugetan er í lágmarki. Við megum því ekki gleyma að hér verður alltaf heitt á könnunni og fólk hvatt til þess að koma og fá sér kaffi og spjalla. Byrjað verður að bjóða upp á hádegismat frá og með 25. maí en með takmörkunum þó. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411-2707.

### Bókaspjall, salsanámskeið og spurningakeppni

Hrafn Jökulsson stefnir á að mæta aftur með bókaspjallið, ræða við fólk um bækur og annað skemmtilegt. Við verðum að mynda tvo til þrjú hópa því við getum ekki tekið fleiri en 15 í salinn í einu og það er einmitt ástæðan að fólk þarf að skrá sig. Við verðum að vita hver margir koma hverju sinni. Það verður auglýst er nær dregur. Það eru Salsanámskeið eftir lokun á vegum Salasa Iceland og er áhugasömum bent á að hafa samband við Salsa Iceland eða okkur á skrifstofunni. Í stað bingósins verðum við með spurningakeppni á föstudögum kl. 13:00 og eru allir velkomnir segja þær Siri og Helga.



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

# Vesturbæjarblaðið

**AUGLÝSINGASÍMI**

**511 1188**

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



# SPÁNN ER HANDAN VIÐ HORNID

TAPASBARINN - HINN EINI SANNI Í 20 ÁR



Vesturgata 3B | Sími 551 2344 | [tapas.is](http://tapas.is)





# Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.



**ATH.** Við bendum vinsamlega á að lögreglan er byrjuð að sekta fyrir akstur á negldum dekkjum - 20.000 kr. hvert neglt dekk.





Tími garðklippanna að renna upp

# Huga þarf að að vaxtarlagi trjáanna

Nú er vortíminn og fólk er farið að huga að gördum og snyrta þá fyrir sumarið. Einn áhugaverðasti gerður landsins er á milli húsa Verkamannabústaðanna við Ásvallagötu og Hringbraut. Á liðnu hausti var hafist handa við að snyrta og klippa trjágróðurinn. Sumt var farið að vaxa úr sér og alkunn staðreynd er að trjágróður þarfnast umhirðu ef vel á að fara. Lífaldur trjáa er misjafn og sum trén í þessum fallega reit eru að nálgast endamörk lífs síns. Önnur hafa vaxið fyrir glugga og sums staðar var orðið skuggsýnt í stofum íbúanna. Nokkur tré hefur þurft að fjarlægja og ætlunin er að gróðursetja önnur í stað þeirra. Sumum á að velja staði sem henta betur. Ætlunin er að halda þessu starfi áfram eftir því sem kostur er. Starfið í garði Húsfélags alþýðu er hvatning fyrir aðra íbúa Vesturbæjarins.

Kristín Róbertsdóttir formaður Húsfélags alþýðu segir að lengi hafi staðið til að klippa og lagfæra trén. Íbúar hafi verið vel upplýstir og tekið jákvætt í þær tillögur sem fram hafi komið og menn almennt ánægðir. Hún segir að fólk átti sig oft ekki á nauðsyn þess að lagfæra gróður og sumir orðnir svo vanir trjám sem búið væru að standa lengi að þeir hrykkju við þegar nauðsyn væri að klippa þau eða fjarlægja. Mörgum þætti líka vænt um gróðurinn. Kristín segir að þessi aðgerð eða snyrting eftir því hvað menn vilji kalla hana eigi sér nokkurn aðdraganda. Fyrir allmörgum árum hafi félagið fengið Samson B. Harðarson landslagsarkitekt til þess að koma og gera tillögur um hvernig best væri að huga að endurnýjun trjágróðurs í gördum verkamannabústaðanna.

## Nauðsynlegt að huga að heilsu trjáanna

Mörg trjáanna við verkamannabústaðina eru orðin stór og mikil og erfitt að klippa ofarlega í trjákrónum með hefðbundnum. Stjórn Húsfélags alþýðu fékk því Orra Frey Finnogason eða Orra arborista eins og hann titlar sig til þess að vinna verkið en hann rekur fyrirtækið Trjáprýði. Orra Frey er einn af fáum Íslendingum sem hafa sérhæft sig í trjáklifri og snyrtingum en ljóst er að þörfin fyrir þessa kunnáttu og tækni er orðin umtalsverð. Arborismi er alþjóðlegt heiti þeirrar starfsgreinar að klifra í trjám í klifurbúnaði í þeim tilgangi að snyrta eða fella tré. Orra segir eitt af markmiðunum hafa verið að huga að vaxtarlagi trjáanna og staðsetningu og koma í veg fyrir að þau sem næst



Orra Frey Finnogason arboristi ásamt starfsmönnum sínum í garðinum við Verkamannabústaðina. Buxurnar sem hann klæðist við vinnu sína eru sérstakar öryggisbuxur og þeirrar gerðar að keðjusög á ekki að geta komist í gegnum þær.



Orra kominn upp í tré sem taka á niður og byrjaður að saga.

húsunum standa sláist í glugga og þök og stýra vexti upp fyrir þakbrún með markvissum klippingum. Einnig hafi verið ákveðið að huga að heilsu þeirra og meta tíma þeirra út frá

henni. Trjátegundir hafa mislangan líftíma. Tré geta orðið sjúk og hrjád og það styttr oft líftíma þeirra og í mörgum tilvikum þarf að fella slík tré svo þau valdi ekki tjóni. Ýmsar

tegundir trjáa er að finna í gördunum við verkamannabústaðanna. Þar má nefna evrópulerki, ýmsar reynitegundir eins og ilm, silfur- og gráreyni, garðahlyn ásamt ýmsu

öðru. Orra bendir á að trén þurfi sína umhirðu rétt eins og húseignir enda séu þau í raun hluti af þeim. Í Skandinavíu sé trjágróðurinn viðurkenndur sem slíkur og góð meðferð á honum geti hækkað verðgildi eignanna.

## Mörg trén komin til ára sinna

Orra segir að mörg trén í verkamannabústaðagördunum hafi nauðsynlega þurft á snyrtingu að halda. Mörgum hafi verið plantað skömmu eftir að húsin voru byggð og lítið gert fyrir þau síðan. Ýmis tré hafi þó verið fjarlægð í gegnum tíðina og á sumum stöðum séu skörð eftir þau því ekki hafi verið hugað að endurplöntun. Nú sé ætlunin að planta í skörðin eða ef betur hentar aðeins frá þeim stöðum sem gömlu trén hafi staðið. Orra segir að mörg tré í Vesturbænum séu á sama aldri og trén í gördunum við verkamannabústaðina. Víða hafi lítil eða engin umhirða átt sér stað og þau lífi fyrir það. Vandinn liggja oft í að of seint sé farið að hugsa um trén. Mikilvægt er að hugsa um, snyrta trén og stýra vexti þeirra frá því þeim er plantað og út ævina.

## Tækifæri til að hugsa í einni held

Nú stendur til að endurplanta og bæta inn í stað þess sem tekið hefur verið burt við verkamannabústaðina. Áformað er að gróðursetja tugi trjáa og margar tegundir trjáplantna, margar nýjar. Á meðal þeirra eru askur, álmur, broddhlynur, þöll og eik. Orra segir hugmyndina vera að planta langlífum tegundum sem jafnvel geta lifað í nokkur hundruð ár. Hann segir að þarna sé tækifæri til þess að hugsa svæðið sem heild. Þau Orra og Kristín benda á að verkamannabústaðirnir séu friðuð hús. Því væri skynsamlegt að friðunin næði til heildarumhverfis. Garðarnir þar með taldir. Þau hafa mikið til síns máls. Portið og garðarnir í miðrými húsananna við Hringbrautina á sér fáa líka. Ekki stendur til að umbylta neinu í portinu. Í samstarfi við borgina voru valin nokkur eðaltré og þeim fundinn staður í sjálfu portinu enda er það borgarland. Nú er verið að leggja lokahönd á þessa gróðursetningu í bili.

Gaman yrði að koma portinu með tíð og tíma í skemmtilegt horf, efla leiksvæðið og skýra mörkin á milli einkarýmis og almennarýmis. Umhverfið mun áfram minna á Danmörku.



Næstum allar greinar farnar og Orra býr sig undir að saga stofninn niður. Þessar myndir voru teknar á liðnu hausti.



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)



**NÝTT**  
**SKAPANDI**  
**SUMARNÁMSKEIÐ**  
 DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS

DANSGLEÐI / TÓNLIST / ÚTIVIST  
**SKAPANDI VINNUSMIÐJUR**

4 DAGA NÁMSKEIÐ  
 KENNT KL. 09:00 - 12:00 ALLA DAGA  
 Í VESTURBÆ 8. JÚNÍ - 11. JÚNÍ / 11-13 ÁRA  
 Í VESTURBÆ 29. JÚNÍ - 2. JÚLÍ / 8-10 ÁRA

SKRÁNING: WWW.DANSSKOLIBB.IS  
**TAKMARKAÐ PLÁSS!**



**SUMARNÁMSKEIÐ**

DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS  
 HEFJAST 2. JÚNÍ  
 VESTURBÆR / KÓPAVOGUR / GARÐABÆR / GRAFARHOLT  
 COMMERCIAL / JAZZ / SKAPANDI NÁMSKEIÐ / TÆKNI /  
 SÖNGLEIKJAEILD



FAGLEG KENNSLA & FRÁBÆR TÆKIFÆRI  
 INNTRITUN HEFST 11. MAÍ  
 WWW.DANSSKOLIBB.IS

   
 @danssonlibb

**SUMARNÁMSKEIÐ**

DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS  
 HEFJAST 2. JÚNÍ  
 VESTURBÆR / KÓPAVOGUR / GARÐABÆR / GRAFARHOLT  
 COMMERCIAL / JAZZ / SKAPANDI NÁMSKEIÐ / TÆKNI /  
 SÖNGLEIKJAEILD



FAGLEG KENNSLA & FRÁBÆR TÆKIFÆRI  
 INNTRITUN HEFST 11. MAÍ  
 WWW.DANSSKOLIBB.IS

   
 @danssonlibb

**SUMARNÁMSKEIÐ**

DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS  
 HEFJAST 2. JÚNÍ  
 VESTURBÆR / KÓPAVOGUR / GARÐABÆR / GRAFARHOLT  
 COMMERCIAL / JAZZ / SKAPANDI NÁMSKEIÐ / TÆKNI /  
 SÖNGLEIKJAEILD



FAGLEG KENNSLA & FRÁBÆR TÆKIFÆRI  
 INNTRITUN HEFST 11. MAÍ  
 WWW.DANSSKOLIBB.IS

   
 @danssonlibb

**NÝTT**  
**SKAPANDI**  
**SUMARNÁMSKEIÐ**  
 DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS

29. JÚNÍ - 2. JÚLÍ  
 4 DAGA NÁMSKEIÐ FYRIR 8-10 ÁRA  
 DANSVERKSTÆÐINU, HJARÐARHAGA 47

KENNARI: GUÐNÝ ÓSK

DANS DANSSMÍÐI SÖNGUR TÓNLIST SPUNI LEIKLIST	SKÖPUN MYNDBANDSGERÐ BÚNINGAHÖNNUN HÁR & FÖRÐUN ÚTIVIST VETTvangsferð
---	--



SKRÁNING: WWW.DANSSKOLIBB.IS  
**TAKMARKAÐ PLÁSS!**

**NÝTT**  
**SKAPANDI**  
**SUMARNÁMSKEIÐ**  
 DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS

8. JÚNÍ - 11. JÚNÍ  
 4 DAGA NÁMSKEIÐ FYRIR 11-13 ÁRA  
 DANSVERKSTÆÐINU, HJARÐARHAGA 47

KENNARI: GUÐNÝ ÓSK

DANS DANSSMÍÐI SÖNGUR TÓNLIST SPUNI LEIKLIST	SKÖPUN MYNDBANDSGERÐ BÚNINGAHÖNNUN HÁR & FÖRÐUN ÚTIVIST VETTvangsferð
---	--



SKRÁNING: WWW.DANSSKOLIBB.IS  
**TAKMARKAÐ PLÁSS!**



# Íslandsbanki lokar á Granda



Ákveðið hefur verið að loka útibúi Íslandsbanka á Granda. Útibúinu við Höfðabakka verður einnig lokað. Þessi útibú voru ekki opnuð aftur þann 11. maí þegar losað var um samkomutakmarkanir vegna covid-19. Nú eru aðeins þrjú útibú eftir á höfuðborgarsvæðinu. Í Norðurturni við Smáralind, í Laugardal og í Hafnarfirði.

Í tilkynningu frá Íslandsbanka segir að viðskiptavinir hafa í auknum mæli nýtt sér stafræna þjónustu að undanförunu og á sama tíma hafi útibúaheimsóknur fækkað. Faraldurinn hafi flýtt þeirri þróun en frá áramótum hefur notkun á bankaþjónustu í appi aukist um 400%. Þá hafi heimsóknur í útibú fækkað um allt að 70%. Efla á einstaklingsþjónustu í útibúi bankans í Laugardal en auk almennrar bankaþjónustu verður húsnæðislánþjónusta bankans þar til húsa. Þá verður þjónusta við lítil- og meðalstór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sameinuð þann 8. júní í eina Fyrirtækjamiðstöð í Norðurturni, höfuðstöðvum Íslandsbanka. Fyrirtæki geta þó leitað í öll útibú fyrir einfalda bankaþjónustu.

# Byrjað að endurgera Hegningarhúsið í sumar

Ákveðið hefur verið að hefja fyrsta áfanga að endurgerð Hegningarhússins við Skólavörðustíg á komandi sumri. Húsið var reist árið 1872 og var í notkun til miðs árs 2016 þegar Fangelsið á Hólmsheiði var tekið í notkun.

Húsið er friðað samkvæmt lögum um minjavernd og því mikilvægt að viðgerðir taki mið af upprunalegir gerð þess bæði hvað efnisval og handverk varðar. Minjavernd munu verða greiddar 342 milljónir króna til þess að standa straum af þessu fyrsta verkefni við húsið. Áform eru um að endurgerð hússins að innan miðast við að húsið verði opið almenningu og starfsemi í því standi undir rekstri þess.



Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.



Netverslun:  
[systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

## Sumarið er komið Vertu þú sjálf, vertu Belladonna



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | [www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)

## SUMARNÁMSKEIÐ

DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS

2. JUNÍ - 30. JUNÍ



## SÖGLEIKJADEILD

GARÐABÆR / VESTURBÆR

LEIKLIST  
SÖNGUR  
DANS

16:30 ÞRI / 16:30 MIÐ

KENNT 1X Í VIKU  
90 MÍNÚTUR

SKRÁNING HEFST 11. MAÍ  
Á [WWW.DANSSKOLIBB.IS](http://WWW.DANSSKOLIBB.IS)  
TAKMARKAÐ PLÁSSI!

Foreldrar  
verum samtaka



# Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur  
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin





Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttingabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

# B&T

RÉTTING & SPRAUTUN

578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · [www.bilarogtjon.is](http://www.bilarogtjon.is)



*Þegar kemur að vandaðri vinnu*



# Skemmtilegt samstarf



Tapasbarinn hefur átt ánægjulegt samstarf við Knattspyrnu- deild KR undanfarin ár. Svo er að sjá að KR-ingar munu vera ánægðir með samstarfið því þeir færðu strákunum á Tapas- barnum sérútbúna KR treyju í tilefni þess að nú hefst senn nýtt tímabil í úrvalsdeildinni. Tapasbarinn þakkar KR samstarfið og hér má sjá þá Maron, Bjarna og Bento með treyjuna góðu.

# Hvatning til foreldra

Með hækandi sól og hlýjum sumardögum fyllast útivistar- svæðin og göngustígar í hverfun- um okkar af lífi. Börn, ung- menni og fullorðnir drekka í sig útiveru og við njótum þess að vera í frjálsu flæði með okkar nánasta fólki. Við upplifum nú tíma þar sem við höfum verið meira heima við en áður, og mörg hver í minni tengslum við okkar vinnu og vinahóp, þar eru börn og ungmenni engin undantekning. Almenn á vormánuðum ber meira á hópamyndunum ungmenna og líkur á því að óæskileg hegðun eigi sér stað eykst. Nú í kjölfar samkomubanns og þegar styttest í að breytt fyrirkomulag verði á skólahaldi og frístund barna og ungmenna má gera ráð fyrir því að í hverfinu okkar verði líf og fjör.

Við sem íbúar og foreldrar berum ábyrgð á því að þetta jákvæða yfirbragð sem hefur einkennt Reykjavík í vor haldi áfram og getum við stuðlað að því með því að vera áfram sýnileg í okkar hverfi. Öryggi hverfisins er á okkar ábyrgð og sýnileiki foreldra og forsjáraðila er mikil forvörn gegn notkun vímuefna og áhættuhegðun í hverfinu. Af því tilefni þá hafa félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar við hvern skóla slegið upp skemmtilegri foreldra- röltssamkeppni milli árganga. Þar



mun sá foreldrahópur sem skráir sig og tekur þátt í flestum rölt- um í maí hljóta verðlaun í formi pizzeveislu fyrir bekkinn og eru upplýsingar um skráningu sendar út á foreldra barna í 5. – 10. bekk.

Þátttaka í foreldrarölti hefur áhrif á nærumhverfi okkar allra og öryggi allra íbúa hverfisins, jafnvel þótt þitt barn sé heima. Við viljum því hvetja foreldra að taka þátt og þannig hafa áhrif á hverfisbraginn og það

félagslega umhverfi sem börnin í hverfinu búa í.

Með ósk um gleðilegt sumar og jákvæð viðbrögð, Sjáumst á röltinu.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Frístunda- miðstöðin Tjörnin.

## Flott sumarföt, fyrir flottar konur



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16  
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Laugarnar í Reykjavík




LAUGARNAR  
ERU  
OPNAR

# Velkomin aftur

## Höldum bilinu

Sýnum hvert öðru tillitssemi og virðum 2 metra fjarlægðarmörkin alls staðar þar sem mögulegt er

Gestir eru á eigin ábyrgð  
Við erum öll almannavarnir



www.itr.is



# Dansskóli Birna Björns

Það hefur verið nóg um að vera hjá Dansskóla Birnu Björns í vetur og er markmiðið að halda því áfram í sumar! Í vetur voru margir nemendur virkir bæði í dans- og söngleikjadeild. Stefnan var að setja upp nemendasýninguna Mary Poppins í Borgarleikhúsinu sem hefur nú verið frestað um ár. Í sumar átti keppnishópur skólans sömuleiðis að keppa í annað sinn á Dance World Cup í Róm eftir að hafa unnið sér inn keppnisrétt í undankeppninni á Íslandi við góðar undirtektir. Það ævintýri verður einnig að bíða fram á næsta ár. Þrátt fyrir það verður nóg um að vera í sumar og 2.júní hefjast öll sumarnámskeið skólans. Þar verður fjölbreytileikinn í fyrir-rúmi ásamt nýjungum á borð við skapandi námskeið! Boðið verður upp á dansnámskeið þar sem nemendum gefst kostur á að læra mismunandi dansstíla hjá mismunandi kennurum. Einnig verður söngleikjadeildin á sínum stað en hún hefur slegið rækilega í gegn síðustu ár.

Nýjasta námskeiðið er afar spennandi kostur fyrir skapandi nemendur sem skapandi vilja fjölbreytileika, allt frá dansgleði, tónlist og útivist. Einnig verða í boði mismunandi vinnusmiðjur þar sem sköpun hjá hverjum



Guðný Ósk Karlsdóttir sem hefur starfað sem danskennari í 8 ár.

og einum fær að njóta sín. Kennari námskeiðsins er Guðný Ósk Karlsdóttir sem hefur starfað sem danskennari í 8 ár og er núverandi aðstoðarskólaláttjóri Dansskóla Birnu Björns ásamt því að kenna dans hjá skólanum. Hún hefur einnig starfað við söngleikjadeild dansskólans frá upphafi. Guðný útskrifaðist með BA gráðu í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands árið 2018 og hefur einnig stundað söngnám frá því að hún man eftir sér. Í dag

stundar Guðný mastersnám í sviðslistum við listkennsludeild Listaháskólans þar sem hún sækir innblástur fyrir skapandi námskeiðin og hlakkar til að taka á móti nýjum nemendum í sumar.

„Ég hlakka til að fá að vinna þverfaglega með krökkunum í sumar og fá að vinna með þau tæki og tól sem ég hef verið að læra undanfarin ár. Ég hef lengi verið með hugmyndina af þessu námskeiði í huga og loksins er þetta orðið að raunveruleika“.



Kátir nemendur úr Dansskóla Birnu Björns.

Átt þú bókasafnskort?

Þá ert þú með aðgang að Rafbókasafninu!

[rafbokasafnid.is](http://rafbokasafnid.is)

Rafbókasafnið

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét A. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utforin.is](http://www.utforin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



## FYRIRTAÐ

málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

[www.fyrirtak.is](http://www.fyrirtak.is) - [fyrirtak@fyrirtak.is](mailto:fyrirtak@fyrirtak.is) - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK  
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

GETRAUNANÚMER KR

# 107

GETRAUNIR.IS





# STAFRÆN HÖNNUN

Tveggja ára diplómanám með mikla starfsmöguleika!  
Nánar á [tskoli.is](http://tskoli.is)

— TÖLVULEIKJAGERÐ

— 3D-VINNSLA

— TÆKNIBRELLUR

— TEIKNIMYNDAGERÐ